

Forsætisráðherra og aðrir góðir gestir.

Velkomin á viðburðinn „*Hagvöxtur og hagsæld á tímum umbreytinga*“, sem er hluti af viðburðaröðinni *HÍ og heimsmarkmiðin*.

Viðburðaröðin, sem haldin er í samstarfi við forsætisráðuneytið, varpar ljósi á hvernig þekking, rannsóknir og nýsköpun geta lagt grunn að sjálfbærum lausnum og betri framtíð. Með því að beina sjónum að einstaka heimsmarkmiði í hverjum viðburði gefst tækifæri til að kafa djúpt í áskoranir og lausnir frá ólíkum sjónarhornum.

Í dag beinist umræðan að heimsmarkmiði númer 8 – um góða atvinnu og sjálfbæran hagvöxt – þar sem spurt er hvernig við getum byggt hagsæld og öflugt atvinnulíf á grunni sjálfbærrar þróunar, jöfnuðar og velferðar allra.

Öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa skuldbundið sig til að innleiða sautján heimsmarkmið sem miða að sjálfbærri þróun. Heimsmarkmiðin snerta stærstu áskoranir samtímans – loftslagsbreytingar, misskiptingu, heilsu og menntun – og munu óhjákvæmilega móta framtíð komandi kynslóða. Til að ná árangri þarf sérfræðiþekkingu, nýsköpun og öflugar rannsóknir – og þar gegna háskólar lykilhlutverki.

Háskóli Íslands er þekkingarstofnun með skýra sýn á mikilvægi þess að leggja af mörkum til sjálfbærrar þróunar. Í stefnu skólans, HÍ26, eru heimsmarkmiðin innbyggð sem leiðarljós – og markmiðin leggja áherslu á jafnrétti, fjölbreytileika, lýðheilsu, efnahag og náttúruna. Þau eru samtvinnuð og byggja á þremur stoðum sjálfbærrar þróunar: umhverfislegri, félagslegri og efnahagslegri. Þau snúast einnig um fimm meginþætti: mannkynið, jörðina, hagsæld, frið og samstarf..

Ég vil þakka öllum þeim sem leggja sitt af mörkum hér í dag – forsætisráðherra, fyrirlesurum, pallborðsfólki og gestum – og hvet ykkur til virkrar þátttöku og samtals.

Að því sögðu býð ég fundarstjóra, Hafdísu Hönnu Ægisdóttur, forstöðumann Sjálfbærnistofnunar HÍ, að taka við.